

Afgreiðslufundur

Ár 2024 fimmtudaginn 7. nóvember, kl. 09:00 var haldinn 1803. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Ylmu ehf., kt. 440515-1930, dags. 25. janúar 2023, um starfsleyfi fyrir gististað; íbúðir (A Part of Reykjavík) að Frakkastíg 12A, F2004885, rými 02 0101. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
- Lögð fram umsókn Félags eldri borgara í Reykjavík, kt. 490486-3999, dags. 28. október 2024, um starfsleyfi fyrir samkomusal (Ásgarður) að Stangarhyl 4, F2236182, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Prikis ehf., kt. 711003-2070, dags. 31. október 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; krá og kaffihús (Prikið) þar sem matvæli koma tilbúin til samsetningar og hitunar á staðinn, engin meðhöndlun á hráum matvælum, að Bankastræti 12, F2004482, rými 01 0101. Breyting á starfsemi og húsnæði.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti*.
- Lögð fram umsókn 22 kaffis ehf., kt. 650923-2270, dags. 4. nóvember 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; krá (Kíki) að Laugavegi 22, F2004786, rými 01 0101. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 19. september 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 24. apríl 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Ylmu ehf., kt. 440515-1930, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, tegund; íbúðir (A part of Reykjavík) að Frakkastíg 12a, F2004885, rými 02 0101.
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til

gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*. Gestafjöldi 6.

6. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. október 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 16. október 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Annapurna Asian ehf., kt. 620424-1610, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Grandi mathöll - Annapurna Asian) að Grandagarði 16, F2000121, rými 01 0105, bás V3.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Starfsleyfi í gildi til 11. júlí 2036.

7. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. október 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 23. október 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn 22 kaffis ehf., kt. 650923-2270, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III, tegund; krá (Kíki) að Laugavegi 22, F2004786, rými 01 0101.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.

8. Lögð fram umsókn Berserkja ehf., kt. 590902-2920, dagsett 1. nóvember 2024, um skráningu á niðurrifi á plötum úr asbesti á þaki og asbest undir gipsplötum og timbri í gluggum við þakbrún húsnæðis við Fellsmúla 24, F2015755, rými 01 0102. Ný starfsemi.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur* og *Starfsskilyrði fyrir niðurrif mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.

9. Lögð fram umsókn Öldu Sjúkraþjálfunar ehf., kt. 611024-1420, dags. 1. nóvember 2024, um skráningu á sjúkraþjálfun (Alda Sjúkraþjálfun) að Sléttuvegi 27, F2510499, rými 02 0101. Ný starfsemi.

Samþykkt að staðfesta skráningu, með fyrirvara um niðurstöðu úttektar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í janúar 2025, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur* og *Starfsskilyrði fyrir sjúkraþjálfun*.

10. Lögð fram umsókn Eðalbíla ehf., kt. 690409-1940, dags. 2. janúar 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir smurstöð og bifreiðaverkstæði að Funahöfða 15, F2247451, rými 01 0101. Flutningur í nýtt húsnæði.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, Samræmdum starfsskilyrðum fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur og Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir smurstöðvar.*

Fundi slitið kl. 09:35

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson